

# KIRKJUGARÐARÁÐ

**30. fundur haldinn mánudaginn 9. maí 2005  
í fundarherbergi á þriðju hæð í Biskupsstofu.**

**Fundinn sátu:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

**Gestur fundarins:** Stefán Gunnlaugsson verkefnisstjóri kirkjudaga.

## 1. Fundur settur

Formaður setti fund kl. 14:10.

## 2. Kynning á kirkjudögum á Skólavörðuholti 24. – 25. júní 2005

Stefán Gunnlaugsson kynnti kirkjudaga. Básarnir eru í Iðnskólanum og Kirkjugarðaráð verður þar með bás. Kirkjugarðasambandið mun jafnframt kynna starfsemi sína. Im memorian verður kynnt. Á kirkjudögum verða jafnframt ýmsar málstofur. Á heimasíðunni [www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is) er að finna dagskrá kirkjudaga.

## 3. Erindi frá dóms-og kirkjumálaráðherra um tilnefningu í nefnd til að semja tillögur að siðareglum o.fl. fyrir útfararstofur

Formaður hefur rætt málið við biskup og Hjalta Zóphóníasson. Tillaga hefur verið borin fram um að Kirkjugarðaráð tilnefni Einar Sigurbjörnsson prófessor í nefndina. Var það samþykkt. Framkvæmdastjóra var falið að rita bréf til ráðherra og tilkynna tilnefningu Kirkjugarðaráðs.

## 4. Bréf til sóknarnefnda og/eða kirkjugarðsstjórna vegna túlkunar á nýrri reglugerð um greiðslu prestþjónustu við útfarir, grafartöku og árlegt viðhald legstaða.

Drög að bréfi voru lögð fyrir fundinn. Samþykkt að bréfið verði sent út.

## 5. Önnur mál

- Lagt var fram til kynningar bréf til Skipulagsstofnunar varðandi deiliskipulag Stóra-Núps.
- Lögð var fram til kynningar umsögn sem framkvæmdastjóri vann fyrir ráðið vegna lagafrumvarps um Hólavallagarð.
- Kristín sagði frá stefnumörkun á sviði fornleifavörslu. Var ákveðið að vinnuhópur um verkið kæmi á fundinn 13. júní og kynnti vinnuna, einkum þar sem er misræmi í þjóðminjalögum og lögum um kirkjugarða.
- Valtýr ræddi um skiptingu kostnaðar sveitarfélaga og Kirkjugarðaráðs vegna framkvæmda við garðana. Var rætt um að samningurinn yrði eins konar reglur sem yrðu að samþykkt milli sveitarfélaganna og ráðsins og yrðu þær kynntar á næsta fundi ráðsins.
- Smári óskaði eftir að fundargögn bærust í tíma fyrir fund. Að gögn væru komin í síðasta lagi á föstudegi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:40.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari